

ÁRSREIKNINGUR

08

LANDSPÍTALI



Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2008

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, læknaðögum nr. 53/1988, hjúkrunarlögum nr. 8/1974, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun í heilbrigðisvísindum og rannsóknir. Spítalinn leggur jafnframt áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2008 störfuðu um 5.019 manns á LSH í um 3.872 stöðugildum eða ársverkum.

Á árinu 2008 var ársveltan um 39.352 m. kr. Rekstrargjöld voru 1.622 m. kr. umfram sértekjur og ríkisframlag ársins. Þegar tekið hefur verið tillit til viðbótar ríkisframlags vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára var hins vegar tekjuhalli að fjárhæð 1.186 m. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 1.622 m. kr. í árslok 2008.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2008 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 22. apríl 2009.



Hulda Gunnlaugsdóttir
forstjóri



Anna Lilja Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og Heilbrigðisráðuneytis.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landspítala fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 22. apríl 2009.



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Brynja Pétursdóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Tekjur			
Þjónustutekjur	13	2.118.623	1.997.057
Aðrar tekjur	14	834.303	869.851
Tekjur samtals		<u>2.952.926</u>	<u>2.866.908</u>
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	15	26.103.912	24.051.875
Vörunotkun	16	8.898.863	7.089.236
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	17	3.323.177	2.864.131
Annar rekstrarkostnaður	18	976.110	836.670
		<u>39.302.062</u>	<u>34.841.912</u>
Stofnkostnaður og endurbætur	19	999.035	844.192
Gjöld samtals		<u>40.301.097</u>	<u>35.686.104</u>
 Tekjuhalli án fjármagnsliða		(37.348.171)	(32.819.196)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	20	<u>(236.754)</u>	<u>(144.709)</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(37.584.925)	(32.963.905)
Ríkisframlag	10, 21	<u>36.399.100</u>	<u>33.304.717</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins	10	<u>(1.185.825)</u>	<u>340.812</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	22	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6, 23	550.328	510.818
Skammtímakröfur	7, 24, 25	1.182.288	1.122.656
Handbært fé	8	<u>46.404</u>	<u>21.990</u>
Veltufjármunir		<u>1.779.020</u>	<u>1.655.464</u>
Eignir samtals		<u><u>1.781.520</u></u>	<u><u>1.657.964</u></u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(436.183)	(776.995)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(1.185.825)	340.812
Ójafnað eigið fé	10	<u>(1.622.008)</u>	<u>(436.183)</u>
Annað eigið fé:			
Framlag til eignamyndunar		<u>180.494</u>	<u>180.494</u>
Annað eigið fé		<u>180.494</u>	<u>180.494</u>
Eigið fé samtals		<u><u>(1.441.514)</u></u>	<u><u>(255.689)</u></u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	26	1.503	11.173
Viðskiptaskuldir	11, 27	<u>3.221.530</u>	<u>1.902.480</u>
Skammtímaskuldir		<u>3.223.034</u>	<u>1.913.653</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.781.520</u></u>	<u><u>1.657.964</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings	30		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	31		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2008

Rekstrarhreyfingar	2008	2007
Veltufé til reksturs:		
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	(1.185.825)	340.812
Veltufé til reksturs	<u>(1.185.825)</u>	<u>340.812</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, (hækkun).....	(39.510)	(3.128)
Skammtímakröfur, (hækkun).....	(59.632)	(267.864)
Viðskiptaskuldir, hækkun.....	1.319.050	(59.742)
	<u>1.219.908</u>	<u>(330.734)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>34.084</u>	<u>10.078</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs.....	(36.399.100)	(33.304.717)
Greitt úr ríkissjóði.....	36.389.430	33.303.591
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(9.670)</u>	<u>(1.126)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	24.414	8.952
Handbært fé í ársbyrjun	<u>21.990</u>	<u>13.038</u>
Handbært fé í lok ársins	<u>46.404</u>	<u>21.990</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda. Heimilda hefur verið aflað vegna þeirra langtímaskuldbindinga, sem getið er í þessum ársreikningi.

2. Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

3. Skattar

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

4. Skráning tekna

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáráukalaga.

5. Skráning gjalda

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

6. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

7. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

9. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

SKÝRINGAR

10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nam í upphafi árs 436,2 m. kr. Á árinu 2008 fékk spítalinn sérstaka viðbótarfjárveitingu á fjáráukalögum að sömu fjárhæð vegna uppsafnaðs halla frá fyrra ári. Engu að síður er þeirri reikningsskilaaðferð beitt að allt rekstrarframlag ríkisins skv. fjárlögum og fjáráukalögum 2008 er fært í rekstrarreikning ársins. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2008 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2008	(	436.183)
Rekstrarhalli fyrir ríkisframlag	(	37.584.925)
Ríkisframlag ársins		35.962.917
Rekstrarhalli ársins	(	1.622.008)
Ríkisframlag vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára		436.183
Tekjuhalli ársins	(	<u>1.185.825)</u>
Ójafnað eigið fé 31. desember 2008	(	<u>1.622.008)</u>

11. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Sundurliðanir og skýringar

12. Starfsþáttgreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2008 skiptist það í 15 aðskildar rekstrareiningar. Viðhalds- og stofnkostnaður, tækjakaup og kostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga spítalans árið 2008 greinist sem hér segir:

	2008	2007
Yfirstjórn/skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga.....	1.305.223	1.124.008
Skrifstofa tækni og eigna.....	5.281.684	4.632.974
Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar.....	256.227	230.815
Barnasvið.....	1.520.770	1.370.267
Kvennasvið.....	1.306.522	1.162.954
Geðsvið.....	3.312.105	3.049.480
Lyflækningasvið 1.....	4.755.475	4.121.899
Lyflækningasvið 2.....	1.865.203	1.665.765
Skurðlækningasvið.....	3.312.357	3.094.162
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið.....	3.992.679	3.690.130
Slysa- og bráðasvið.....	1.885.558	1.802.357
Myndgreiningarsvið.....	1.227.854	1.149.408
Endurhæfingarsvið.....	1.524.343	1.460.707
Öldrunarsvið.....	1.597.802	1.421.147
Rannsóknarsvið.....	3.235.382	2.807.271
	<u>36.379.184</u>	<u>32.783.344</u>
Utan sviða.....	3.921.913	2.902.760
Samtals	<u>40.301.096</u>	<u>35.686.104</u>

SKÝRINGAR

13. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur í rekstrarreikningi fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þjónustu hækka frá árinu 2007 um 6,1%. Mest er hækkunin vegna tekna af ósjúkratryggðum, hjálpartækjum og annarri seldri þjónustu.

	2008	2007
Rannsóknir.....	1.049.972	952.996
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	418.554	428.364
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	220.368	189.537
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	260.728	287.312
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	169.001	138.848
Samtals	2.118.623	1.997.057

14. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Aðrar tekjur lækka um 4,1% á milli ára og stafar lækkunin helst af því að rekstur deildar á Landakoti er nú greiddur með ríkisframlagi en var áður borinn af sértekjum.

Selt fæði.....	104.934	97.996
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	206.483	160.076
Önnur seld þjónusta.....	91.737	114.716
Framlög opinberra aðila.....	130.766	232.314
Framlög og gjafir.....	60.750	60.491
Vörusala.....	75.397	75.989
Leigutekjur.....	93.828	99.613
Sala eigna.....	1.871	1.178
Aðrar tekjur.....	68.537	27.478
Samtals	834.303	869.851

15. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 8,5% frá fyrra ári. Hækkunin liggur í kjarasamningshækkunum á árinu.

Dagvinnulaun.....	14.774.066	13.502.546
Yfirvinna.....	3.028.408	2.856.439
Álagsgreiðslur.....	3.323.634	3.086.030
Önnur laun.....	527.625	511.998
Launatengd gjöld.....	4.450.179	4.094.862
Samtals	26.103.912	24.051.875

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.872 að meðaltali á árinu 2008, en þau voru til samanburðar 3.885 á árinu 2007. Fækkun hefur því orðið á stöðugildum á árinu. Á árinu 2008 voru 5.019 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.989 á árinu 2007. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

SKÝRINGAR

16. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkunin hækkar um 25,5% á milli ára. Verðlags- og gengishækkunarir hafa hér mikil áhrif. Í skýringu nr. 23 má sjá vörubirgðir í lok áranna 2007 og 2008.

	2008	2007
Lækninga- og hjúkrunarvörur	2.373.880	1.912.451
S-merkt lyf.....	3.069.038	2.095.732
Önnur lyf	1.274.236	1.119.710
Rannsóknævörur.....	719.602	568.590
	<u>7.436.756</u>	<u>5.696.483</u>
Matvæli.....	527.061	521.846
Tæki, áhöld, varahlutir.....	267.337	283.659
Orkugjafar.....	245.555	232.490
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	173.905	156.939
Byggingavörur.....	101.625	67.762
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	146.622	130.057
	<u>1.462.107</u>	<u>1.392.753</u>
Samtals	<u>8.898.863</u>	<u>7.089.236</u>

17. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 3.323 m. kr. á árinu 2008. Þessi liður hækkar um 16% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk annarra leigu- og leyfisgjalda.

Sérfræðiþjónusta.....	999.928	853.846
Verkkaup.....	785.391	689.049
Leigu- og afnotagjöld.....	684.693	606.565
Ferðir, fundir, risna o.fl.	306.398	250.876
Aðkeyptur akstur.....	260.329	212.373
Flutningaþjónusta.....	119.122	100.822
Annað.....	167.316	150.600
Samtals	<u>3.323.177</u>	<u>2.864.131</u>

18. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum búnaði og minniháttar tækjum. Kostnaðurinn hækkar um 16,7% milli ára. Ein helsta skýring hækkunarinnar felst í lögbundinni hækkun fasteignagjalda á sjúkrahúsbyggingar.

Opinber gjöld og tryggingar.....	365.734	243.450
Framlag til rannsókna.....	136.354	107.577
Minniháttar eignakaup.....	404.149	394.130
Ýmiss óreglulegur kostnaður.....	69.873	91.513
Samtals	<u>976.110</u>	<u>836.670</u>

SKÝRINGAR

19. Stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur í sér nýkaup á margs konar tækjabúnaði og á fasteignum, ásamt endurbótum á húseignum og lóðum.

	2008	2007
Tækjakaup.....	458.713	226.460
Hjartaþræðingarstofa.....	59.531	0
BUGL – nýbygging.....	165.919	104.108
Viðbygging gjörgæslu.....	12.402	0
Endurnýjun, skilunardeild.....	373	12.870
Snorrabraut 60, innréttingar og fleira.....	756	130.548
Fæðingardeild, 23A, endurinnrétting.....	63.867	66.685
Endurnýjun Slys- og bráðamóttöku.....	44.503	143.798
Innrétting húðdeildar.....	26.715	83.662
Endurnýjun göngudeildar á Lyf 1.....	10.357	0
Endurnýjun gamla blóðbankans.....	34.173	0
Endurnýjun bæklunarskurðeildar.....	87.918	0
Landakot, stigahús.....	25.886	0
Viðhald utanhús Kleppi.....	5.623	0
Annað.....	2.301	76.062
Samtals	999.035	844.192

20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Erfið greiðslustaða Landspítala vegna rekstrarhalla og uppsafnaðs halla fyrra árs leiðir til þess að spítalinn þarf oftsinnis að greiða birgjum dráttarvexti vegna vanskila. Gengi erlendra gjaldmiðla hækkaði mikið á árinu sem sést á gengismun ársins 2008. Vaxtatekjur spítalans eru einkum af kröfum á skuldunauta. Þær kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 25.

Vaxtatekjur.....	78.926	59.589
Gengismunur.....	(105.451)	1.016
Vaxtagjöld.....	(210.229)	(205.314)
Samtals	(236.754)	(144.709)

21. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2008 voru Landspítala ætlaðar 33.109,5 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáraulögum 2008 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 2.853,4 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2008 voru því samtals 35.962,9 m. kr. Að auki var veitt framlag á fjáraulögum að fjárhæð 436,2 m. kr. vegna halla fyrri ára.

	Fjárlög	Fjár- heimildir	Árs- reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(24.842.800)	(25.945.037)	(26.103.912)	(158.875)
Önnur rekstrargjöld og vextir.....	(9.963.700)	(11.909.562)	(13.434.904)	(1.525.342)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(759.000)	(704.000)	(999.035)	(295.035)
Sértekjur.....	2.456.000	2.595.682	2.952.926	357.244
Mismunur rekstrargjalda og sértekna	(33.109.500)	(35.962.917)	(37.584.925)	(1.622.008)
Ríkisframlag vegna halla fyrri ára.....	0	(436.183)		436.183
Samtals	(33.109.500)	(36.399.100)	(37.584.925)	(1.185.825)

SKÝRINGAR

22. Hlutabréf:

Hlutfjáræign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf.

23. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 7,7% milli ára 2007 og 2008. Birgðir í árslok 2008 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	31.12.2008	31.12.2007
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	156.665	150.486
Lyf.....	142.276	148.618
Rannsókn- og röntgenvörur.....	206.678	180.312
Rekstrarvörur.....	30.123	13.418
Matvæli.....	14.586	17.984
Samtals	550.328	510.818

24. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna seldrar þjónustu til Sjúkratryggingar Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

	2008	2007
Heilbrigðisstofnanir.....	579.949	363.715
Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands.....	150.561	270.858
Einstaklingar.....	332.617	255.959
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	209.656	215.252
Aðrar kröfur.....	69.406	148.323
Kröfur samtals	1.342.189	1.254.107
Niðurfærsla krafna.....	(159.901)	(131.451)
	1.182.288	1.122.656

25. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir.

Niðurfærslureikningur 1. janúar 2008.....	131.451
Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2008.....	(65.812)
Framlag í niðurfærslureikning 2008.....	94.262
Niðurfærslureikningur 31. desember 2008.....	159.901

26. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð rúmum 1,5 m. kr. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð voru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2008	(11.173)
Ríkisframlag	36.399.100
Móttæknar greiðslur	(36.389.430)
Staða 31. desember 2008	(1.503)

SKÝRINGAR

27. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

28. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2004-2008. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2004-2008, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2008	2007	2006	2005	2004
Rekstur					
Tekjur.....	2.953	2.867	2.327	2.185	2.074
Gjöld..... (	39.539) (	34.987) (	31.644) (	28.127) (	27.051)
Stofnkostnaður og eignakaup..... (	999) (	844) (	556) (	903) (	824)
Gjöld umfram tekjur (	37.585) (	32.964) (	29.873) (	26.845) (	25.801)
Ríkisframlag samtals.....	36.399	33.305	29.583	27.391	25.512
Tekjuafgangur (halli) ársins (	1.186)	341	290)	546	289)
Efnahagur					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	1.779	1.655	1.375	1.229	1.152
Eignir samtals	1.782	1.658	1.378	1.232	1.155
Höfuðstóll..... (	1.622) (	436) (	777) (	487) (	1.032)
Annað eigið fé.....	180	180	180	180	180
Skammtímaskuldir.....	3.223	1.914	1.975	1.539	2.007
Eigið fé og skuldir samtals	1.782	1.658	1.378	1.232	1.155

29. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sér sjóðum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárfstýringu, reglubundna skráningu gjaldareikninga í fjárhagsbókhald og tekjuskráningu, auk launabókhalds.

Þessa sér sjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfestar skipulagsskrár eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 54 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Landspítalasjóð Íslands, Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg og Tækjakaupasjóð barnasviðs. Bankareikningar sem tilheyra þessum sjóðum eru samtals 55 og innstæða í árslok 2008 nam samtals 264,9 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar eru skráðir fyrir sér sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara sjóða er 202. Innstæður á einstökum bankareikningum er mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum þúsundum króna til 30 m.kr. Samtals voru innstæður á þessum reikningum í árslok 2008 um 412,8 m. kr.

SKÝRINGAR

30. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2008.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	9.944.507	10.889.210
Fossvogur.....	5.210.235	6.344.590
Landakot.....	1.447.600	1.673.840
Kópavogur.....	1.300.540	904.948
Kleppur.....	925.452	1.204.695
Vífilstaðir.....	794.914	1.069.034
Grensás.....	695.950	907.918
Arnarholt.....	194.396	473.210
Tunguháls.....	440.400	430.734
Sumarhús starfsmanna.....	124.833	149.641
Aðrar eignir.....	1.925.662	1.273.515
Samtals	23.004.489	25.321.335

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringu nr. 31 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

31. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2008 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2008. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	31.12.2008	31.12.2007
Sumarorlof.....	1.832.197	1.620.552
Hvildartímafrí.....	501.675	446.720
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	203.718	180.100
	2.537.590	2.247.372

Samningar

Sjúkrahúsið hefur gert eignaleigu- og rekstrarleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum en eftirstöðvar þeirra skuldbindinga eru yfirleitt ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru almennt gjaldfærðar við greiðslu. Eigna- eða rekstrarleigusamningar eru í nær öllum tilvikum gerðir í erlendri mynt og því er talsverð gengisáhætta samfara þessum skuldbindingum. Auk þessara fjármögnunarsamninga hefur spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa og rekstrar. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

SKÝRINGAR

	Skuldbinding		Til greiðslu	
	31.12.2008	2009	2010	2011
Tölvubúnaður.....	343.542	163.653	80.097	52.236
Annar tækjabúnaður.....	939.439	262.087	194.894	182.621
Samtals vegna tækja	1.282.981	425.740	274.991	234.857
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	812.395	265.850	250.212	235.996
Rekstrarsamningur v. klínískrar deildar.....	128.372	128.372		
Samtals	2.223.748	819.962	525.203	470.853

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnafresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 621,1 m. kr. í árslok 2008.



